



# Þinggerð

## 59. Frjálsíþróttahátíð



**haldið í Brekkuskóla Akureyri**

**6. og 7. september 2014**



*Laugardagur 6. september*

## **I. Setning**

Jónas Egilsson formaður FRÍ bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þings. Hann sagði að þingi sem boðað var til í mars sl. hefði verið aflýst vegna veðurs, því færi þingið fram nú að hausti. Hann sagði þetta væri í 3ja sinn sem þing er haldið á Akureyri. Hann fór yfir helstu mál starfstímabilsins og sumarson. Hann fór yfir góðan árangur okkar íþróttamanna á undanförunum árum, lið Íslands færðist upp um deild, bæði í Evrópukeppni landsliða, og í fjölþrautum. Okkar unga íþróttafólk hefur unnið frækin afrek á Evrópu- og heimsmeistaramótum unglunga, aldrei fleiri komist á þessi mót, aldrei fleiri komist í úrslit auk tveggja titla Anítu Hinriksdóttur á síðasta ári á HM og EM og Evrópumet hennar í 800 m hlaupi innanhúss sem nýlega hefði verið staðfest af EAA. Almenningsíþróttir eru önnur tveggja aðalstoða hreyfingarinnar. Þetta væri vaxandi hópur einstaklinga sem bæði þyrfti og vildi fá aukna þjónustu. Alls eru um 12-14.000 manns sem taka þátt í götuhlaupum árlega sem ekki væru skráðir virkir iðkendur í frjálsíþróttir. Á þessu þarf að vinna bót, sagði hann.

Jónas sagði fjárhagsstöðu sambandsins þrönga, þó að undanfarin fjögur ár hefði tekist að sýna jákvæða afkomu. Sambandið skorti lausafé, mikið fé væri útistandandi og ekki væri hægt að reka það áfram á þessum forsendum. Á sama tíma og auknar kröfur væru gerðar til sambandsins um bæði eftirfylgni mála og aukna þjónustu væri ekki meira fjármagni veitt til rekstursins. Bæði ÍSÍ, íþróttahéruðin flest og félögin fengju aukna rekstrarstyrki, en sérsamböndin fengju ekki meira til rekstursins.

Nú er unnið að því að innleiða fræðslukerfi IAAF fyrir þjálfara hér á landi, en þingið hefði samþykkt árið 2010 að innleiða það hér á landi. Alls hefðu þegar um 50 þjálfarar útskrifast á 1. stigi og brátt yrðu haldin námskeið á 2. stigi hér á landi líka. Nú í haust mun EAA bjóða upp á ráðstefnu með nokkrum löndum Evrópu til að ræða og skipuleggja ut anumhald þjálfarafræðslu, nýliðun og annað er lýtur að betri umgjörð frjálsíþróttþjálfara í landinu.

Jónas sagði að FRÍ hefði unnið að undirbúningi og umræðu um stefnumótun hreyfingarinnar í samræmi við samþykkt þingsins 2012. Ítarleg umræða mun fara fram síðaar á þinginu meðal þingfulltrúa um þessi mál og í framhald yrði á þeirri vinnu fram að næsta þingi. Í raun er stefna sambandsins í einstökum málum í stöðugri skoðun, sagði hann.

Hann sagði í lokin að það hefði ekki reynst sér mikilvægt heldur mikilvægara fyrir lítil lönd eins og Ísland að eiga aðild að stjórn og ráðum innan hreyfingarinnar. Hann væri formaður Frjálsíþróttasambands Evrópskra Smáþjóða (AASSE) og í stjórn EAA. Það er auðvelt fyrir hinar stóru þjóðir að horfa framhjá litlu þjóðunum, en sem talsmaður þeirra í hefði náðst nokkur árangur sem skipti máli.



Hann sagði það ekki hafa reynst vel að gegna bæði formennsku og starfi framkvæmdastjóra. Því hefði hann ákveðið að gefa ekki kost á sér til formennsku á þinginu. Að því loknu sagði hann 59. Frjálsíþrótttæping sett.

## II. Kosning í embætti þingsins

Formaður FRÍ gerði tillögu um Bjarnveigu Ingvadóttur og Aðalbjörgu Hafsteinsdóttur sem 1. og 2. forseta þingsins. Samþykkt og tók Bjarnsveig við stjórn þingsins. Hún gerði tillögu um Þóreyju Eddu Elísdóttur og Kolbrúnu Sveinsdóttur sem ritara þingsins. Samþykkt samhljóða.

Svohljóðandi tillaga um starfsnefndir var samþykkt:

- Kjörbréfanefnd: Lóa Björk Hallsdóttir, ritari stjórnar formaður, skv. lögum FRÍ. Aðrir nefndarmenn: Ingvar Garðarsson og Erla Gunnlaugsdóttir.
- Allsherjarnefnd: Fríða Rún Þórðardóttir formaður. Aðrir nefndarmenn: Ólafur Guðmundsson og Lovísa Hreinsdóttir.
- Fjárhagsnefnd: Freyr Ólafsson formaður. Aðrir nefndarmenn: Þorgerður Guðmundsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson.
- Laganefnd: Ásbjörn Karlsson formaður. Aðrir nefndarmenn: Sigurður Haraldsson, Starri Heiðmarsson.

Aðrir þingfulltrúar velja sér setu í nefndum að eigin óskum.

## III. Ávarp gesta

Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri flutti ávarp fyrir hönd Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands í forföllum forseta sambandsins. Hvatti félög til að sækja um viðurkenningu *Fyrirmyndarfélag ÍSÍ*. Þjálfaramenntun/sérgreinamenntun. Stefnan að koma þessu námi á Háskólastíg. Viðbragðsáætlun (nánari upplýsingar er hægt að finna á heimasíðu sambandsins, [www.isi.is](http://www.isi.is)) auknar kröfur til að fá viðurkenninguna „Fyrirmyndarfélag“.

Haukur Valtýsson varaformaður UMFÍ. Hann sagði góðan árangur frjálsíþróttafólks er ofarlega í huga. Vantar meiri umfjöllun um frjálsíþróttir í fjölmiðlum. Samskipti UMFÍ og FRÍ hafa verið góð. Hann spurði hvernig gætum við aukið þátttöku í Landsmótum UMFÍ? Hann hvatti til aukinnar samvinnu innan íþróttahreyfingarinnar, við værum smáþjóð og þyrftum að samnýta okkar krafta.

Ellert Örn Erlingsson formaður íþróttamála á Akureyri flutti þinginu kveðjur bæjarstjóra. Hann sagðist stoltur af árangri íþróttamanna bæjarins og annarra í frjálsum íþróttum. Hann hvatti til góðs samstarfs til að nýta góða aðstöðu sem í boði væri.



#### IV. Heiðranir á FRÍ þingi 2014

Jónas Egilsson og Benóný Jónsson varaformaður gerðu grein fyrir heiðrunum sem stjórn FRÍ hefur samþykkt:

##### Eirmerki (14)

Alberto Borges	ÍR
Ársæll Guðjónsson*	Breiðablik
Ásgeir Már Hauksson	UMSE
Eiríkur Mörk Valsson	Breiðablik
Gunnar Gíslason	UFA
Gunnar Smith*	FH
Hörður Gunnarsson*	ÍR
Kristín Halla Haraldsdóttir	HSH
Ómar G. Ingvarsson*	Ármarnn
Pétur S. Sigurgeirsson*	FH
Rannveig Oddsdóttir	UFA
Sigurjón Þorsteinsson*	Ármann
Steinunn Emelia Þorsteinsdóttir	HSK
Þröstur Már Pálmason	UFA

##### Silfurmerki (10)

Birgitta Guðjónsdóttir*	UFA
Friðrikka Illugadóttir*	HSP
Friða Rún Þórðardóttir	ÍR
Gísli Pálsson*	UFA

Helga Jensen*	ÍR
Margrét Héðinsdóttir	ÍR
Ólafur Óskarsson	UFA
Óskar Hlynsson*	Fjölnir
Rakel Gylfadóttir*	KR
Stefán Þór Stefánsson*	ÍR

##### Gullmerki (7)

Aðalbjörg Hafsteinsdóttir	UFA
Dóra Gunnarsdóttir*	UÍA
Gunnar Sigurðsson	UMSS
Hafsteinn Óskarsson*	ÍR
Hlynur C. Guðmundsson	Afturelding
Hreinn Ólafsson*	Fjölnir
Unnar Vilhjálmsson	UFA

##### Heiðursfélagi

Haraldur Sigurðsson	KA
---------------------	----

(\* merkir að hlutaðeigandi hafi verið fjarstaddur á þinginu)

Jónas Egilsson formaður afhenti Ellerti Erni Erlingssyni f.h. Akureyrarbæjar sérstaka viðurkenningu FRÍ fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja og öflungan stuðning við frjálsíþróttir í bænum.

#### V. Skýrsla stjórnar

Benóný Jónsson varaformaður fór yfir skýrslu stjórnar ásamt viðaukaskýrslu um helstu þætti starfsemi sumarsins, eftir að þingi hefði verið aflýst í vor, eins og fram hefur komið áður. Hann ræddi fjármál hreyfingarinnar og lýsti yfir ánægju með framlagi sambandsaðila með þjónustugjaldi sem hefði verið samþykkt á síðasta þingi. Hann taldi margt hafa áunnist á starfstímabilinu. Prentmetaröð FRÍ væri að festa sig í sessi, en þyrfti að styrkja betur.

Hann sagði nýtt mótaforrit væri í undirbúningi sem myndi skipta hreyfinguna miklu máli. Þarna væri um samfelld kerfi að ræða, frá því að mót verði sett upp, skráningu þáttakenda og greiðslu þátttökugjalda sem yrði innbyggt í nýja kerfið. Þá væri öll meðferð og úrvinnsla mun auðveldari og hraðvirkari en hingað til.

Því miður hefði þátttaka í Skólaþríþraut FRÍ leitt til þess að hún var ekki framkvæmd á síðasta vetri. Þrátt fyrir það væru mörg félög með skólakeppnir í frjálsíþróttum. Skoða þyrfti nýja möguleika og leiðir til að bæta við það sem félögin eru þegar að gera. Vísir af því væri samstarf FRÍ við íþróttakennsludeildir HR og HÍ. Nú færu allir verðandi íþróttifræðingar og kennarar í gegnum kennslu í frjálsíþróttum í samvinnu við FRÍ og hefðu möguleika á að útskrifast með alþjóðleg þjálfararéttindi á 1. og jafnvel 2. stigi í framtíðinni.



Eitt stærsta framtíðarverkefni sambandsins sagði Benóný að skrá götuhlaupara í hreyfinguna. Við það yrði hún ein sú fjölmennasta í landinu. Þar yrði ávinningur fyrir alla ef svo yrði. Hreyfing með um 15-18.000 iðkendur að baki myndi verða mun sterkari bæði inná við og ekki síður gagnvart samstarfsaðilum utan íþróttahreyfinguna.

Hann sagði FRÍ hafa átt í góðu samstarfi við bæði ÍSÍ og UMFÍ, en það væru sóknarfæri í aukinni samvinnu, en báðar þessar hreyfingar skipuleggja árlega stóra frjálsíþróttaviðburði. Frjálsíþróttakóli UMFÍ og FRÍ væri gott dæmi um árangursríkt samstarf.

## VI. Ársreikningar

Jónas Egilsson gerir grein fyrir ársreikningum. Rekstrarniðurstaða sambandsins hefði verið jákvæð bæði 2012 og 2013. Hagnaður um 275 þúsund 2011, 3 milljónir 2012 og 151 þúsund 2013. Vantar um 10 milljónir inn í reksturinn til að geta staðið fyrir útgjöldum sem verða á sumrin vegna erlendra móta. Útgjöld sveiflast eftir staðsetningu móta. Við erum hægt að feta okkur á réttar brautir. Tekjur frá Evrópusambandinu og öðrum aðilum koma ekki inn fyrr en eftir á og því þarf oft að taka skammtímalán til að geta gengið frá greiðslum. Fjárhagsstaða sambandsins er að lagast hægt og bitandi. Árangur við að berja niður skuldir er að skila árangri. Það hefur ekki þurft að hætta við þátttöku í mótum vegna fjárhagsstöðu.

Gunnlaugur Júlíusson tók til máls um ársreikninga. Hann sat sitt fyrsta frjálsíþróttaping árið 2010. Blöskraði stöðuna á vaxtagjöldum og vaxtatekjum og að enginn skuli hafa tekið til orðs að lokinni kynningu á ársreikningum. Telur sýnilegur árangur hafa náðst í að skera niður skuldir sambandsins án þess að þurfa að skera niður starfsemina. Gunnlaugur vekur athygli á því hvaða árangur hefur náðst í starfi stjórnar.

## VII. Kjörbréf

Lóa Björk Hallsdóttir, formaður kjörbréfanefndar tók til máls. Hún sagði að skráðir væru 76 fulltrúar frá eftirtöldum samböndum: ÍBH, ÍBA, HSH, HSK, ÍBR, UÍA, UMSB, UMSE, UMSK, UMSS.

Þeir sem skráðir voru á kjörbréf eru:

### *Íþróttabandalag Hafnarfjarðar*

1. Lóa Björk Hallsdóttir
2. Elísabet Ólafsdóttir
3. Ragnheiður Ólafsdóttir
4. Eggert Bogason
5. Sigurður Haraldsson
6. Ólafur Traustason
7. Guðmundur Óskar Helgason
8. Aron Örn Drafnarson
9. Daníel Örn Wiium
10. Kristjana Bylgja Kristjánsdóttir
11. Jóna Jensdóttir

### *Íþróttabandalag Akureyrar*

1. Gísli Sigurðsson
2. Unnar Vilhjálmsson

3. Aðalbjörg Hafsteinsdóttir
4. Hólmfríður Jóhannsdóttir
5. Sigurður Freyr Sigurðsson
6. Jón H. Steingrímsson<sup>1</sup>

Varamenn

1. Gerður Kolbrá Unnarsdóttir
2. Hrafnklatla Unnarsdóttir
3. Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir

### *Héraðssamband Snæfells og Hnappadalssýslu*

1. Björg Ágústsdóttir
2. Kristín H. Haraldsdóttir

<sup>1</sup> Var einnig skráður sem varam. UMSB.



*Héraðssambandið Skarphéðinn*

1. Benóný Jónsson
2. Bolli Gunnarsson
3. Gestur Einarsson
4. Ingvar Garðarsson
5. Markús Ívarsson
6. Ólafur Guðmundsson
7. Steinunn E. Þorsteinsdóttir

*Íþróttabandalag Reykjavíkur*

1. Margrét Héðinsdóttir
2. Friða Rún Þórðardóttir
3. Auður Arnardóttir
4. Helgi Björnsson
5. Eva Dögg Jóhannsdóttir
6. Jón Oddsson
7. Martha Ernstsdóttir
8. Friðrik Þór Óskarsson
9. Jens Andrés Jónsson
10. Svavar Bergmundsson
11. Freyr Ólafsson
12. Gunnlaugur Júlíusson
13. Þórey Edda Elísdóttir
14. Jónas Egilsson

*Ungmennasamband- og íþróttabandalag Austurlands*

1. Lovísa Hreinsdóttir
2. Mekkin Guðrún Bjarnadóttir
3. Erla Gunnlaugsdóttir
4. Hjálmar Vilhjálmsson
5. Sigmar Vilhjálmsson
6. Anton Benjamín
7. Stefán Jóhannsson
8. Valdimar O. Einarsson
9. Jóna Brynja Birkisdóttir

*Ungmennasamband Borgafjarðar*

Þingforseti bar fram ofangreind kjörbréf. Samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar upp ársreikninga til afgreiðslu:

- Ársreikningar fyrir 2012 voru samþykktir einhljóða.
- Ársreikningar fyrir 2013 voru samþykktir einhljóða.

**VIII. Þingmál lögð fram**

Þingforseti lagði til að framlögðum þingmálum yrði vísað til nefnda án umræðu. Hún lagði til að svohljóðandi tillögu um skiptingu þingskjala á nefndir sem var samþykkt:

Þingskjal 1: Fjárhagsáætlun fyrir árin 2014 og 2015, vísað til fjárhagsnefndar

Þingskjal 2: Mótaskrá fyrir 2015.

Þingskjal 3: Mótaúthlutun.

Þingskjal 4: Mótaskrá fyrir 2014 (Tillaga frá því í mars. Ekki tekin til meðferðar á þinginu í sept.)

1. Flemming Jessen
2. Hrönn Jónsdóttir
3. Bjarni Þór Traustason
4. Einar Vilhjálmsson
5. Pálmi Blængsson
6. Sigurður Guðmundsson

Varamenn:

1. Rósa Marinósdóttir
2. Jón H. Steingrímsson
3. Valdimar O. Einarsson

*Ungmennasamband Eyjafjarðar*

1. Þorgerður Guðmundsdóttir
2. Pálmey Sigtryggisdóttir
3. Ásgeir Hauksson
4. Harpa Lind Konráðsdóttir
5. Bjarnveig Ingvadóttir
6. Starri Heiðmarsson
7. Vilhjálmur Björnsson
8. Guðmundur Smári Daníelsson

*Ungmennasamband Kjalarnesþings*

1. Hlynur Chadvik Guðmundsson
2. Gissur Örlygsson
3. Alberto Borges
4. Eiríkur Mörk Valsson
5. Ingimundur Ingimundarson
6. Þórunn Erlingsdóttir
7. Arna Ýr Jónsdóttir
8. Magnús Orri Schram
9. Magnús Jakobsson

*Ungmennasamband Skagafjarðar*

1. Sigurjón Leifsson
2. Ásbjörn Karlsson



### **IX. Stefnumótunarumræða**

Að loknu kaffihlé var hópavinna undir stjórn Bjargar Ágústsdóttur um stefnumótun hreyfingarinnar. Þingfulltrúum var skipt upp í hópa, farið yfir nokkur mál sem komu upp í könnun sem Björg vann sl. vetur fyrir þingið. Sérstök samantekt var gerð um niðurstöður umræðunnar og tillögur um framhald í viðaukaskjali með þinggerðinni.

### **X. Nefndarstörf hófust að loknum kvöldverði og umræðum um stefnumótun.**

dröög





**Sunnudagur 7. September**

## **XI. Afgreiðsla þingmála**

### Fjárhagsnefnd

Þingskjal 39:

*Um reglugerðarbreytingu vegna skráningargjalda á Meistaramót Íslands í elstu aldursflokkunum:*

*Frjálsíþrótttaþing, haldið 6. og 7. september 2014 á Akureyri samþykkir að skráningargjöld á Meistaramót Íslands í öldungaflokkum verði sama og í fullorðinsflokkum, bæði innan- og utanhúss. Í staðinn fyrir 750 kr á grein verður upphæðin 1.500 kr á hverja grein fyrir fyrstu þrjár greinarnar en eftir það er ekki tekið skráningargjald fyrir grein. Hámarksgjald sem hver keppandi greiðir er því 4.500 kr.*

Samþykkt

Viðaukatillaga við fjárhagsáætlun frá fjárhagsnefnd:

1. gr.

*59. þing Frjálsíþróttasambands Íslands samþykkir að einnheimmt skuli þjónustugjald. Upphæðin verði kr. 1.000 á hvern iðkanda í 11 ára og eldri. Iðkendafjöldi miðast við opinberar iðkandatölur ÍSÍ yfir skráða iðkendur ár hvert.*

Margrét Héðinsdóttir lagði til breytingartillögu að 1. gr sem var rædd

Breytingartillaga Margrétar Héðinsdóttur: Iðkendafjöldi miðast við skráningar á meistaramótum.

Tillaga Margrétar var felld.

Upprunaleg tillaga fjárhagsnefndar, 1. gr, er samþykkt

2. gr.

*Stjórn FRÍ verði heimilað að innheimta skráningargjald frá framkvæmdaraðilum almenningshlaupa fyrir skráningu árangurs í afrekaskrá.*

2. gr rædd.

Tillagan felld á jöfnum atkvæðum.

3. gr.

*Stjórn FRÍ verði heimilað að hafna skráningum í mót á vegum FRÍ frá félögum sem eiga óuppgerðar skuldir við sambandið.*

3. gr rædd.

Tillagan var samþykkt.





Viðaukatillaga við fjárhagsáætlun samþykkt í heild sinni að undanskilinni 2. grein.

Þingskjal 1, fjárhagsáætlun 2014 og 2015 er samþykkt óbreytt frá nefnd.

<i>1.0. Tekjur</i>	<i>Kr.</i>
<i>1.1. Framlög og styrkir</i>	<i>23.068.000</i>
<i>1.2. Þjónustugjald</i>	<i>3.000.000</i>
<i>1.3. Tekjur af mótum</i>	<i>16.225.000</i>
<i>1.4. Aðrar tekjur</i>	<i>1.900.000</i>
	<i>44.193.000</i>
<i>2.0 Gjöld</i>	<i>Kr.</i>
<i>2.1. Laun og tengd gjöld</i>	<i>11.000.000</i>
<i>2.2. Greiðslur til keppenda</i>	<i>0</i>
<i>2.3 Móta- og ferðakostnaður</i>	<i>22.875.000</i>
<i>2.4. Rekstur skrifstofu</i>	<i>4.000.000</i>
<i>2.5. Kynning, fræðsla og útbreiðsla</i>	<i>2.000.000</i>
<i>2.6. Ýmis kostnaður</i>	<i>1.800.000</i>
	<i>41.675.000</i>

(Önnur þingskjöl, sjá viðauka með þinggerðinni)

#### Laganefnd

Þingskjal nr. 5. Laganefnd leggur til að tillagan verði samþykkt með áorðinni breytingu.

Samþykkt.

Þingskjal nr. 6.

Samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 7.

59. Frjálsíþrótttæping, haldið á Akureyri 21. og 22. mars 2014, samþykkir breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss. Breyting á gr. 2.4. Meistaramót Íslands 11-14 ára, innanhúss.

2.4.2.7. Í boðhlaupum mega einstaklingar keppa í eldri flokkum, ef þeir keppa ekki í boðhlaupum í sínum flokki

Samþykkt.

Þingskjal nr. 8. Flutningsaðili dregur tillöguna til baka.

Þingskjal nr. 9. Laganefn leggur til að tillagan verði samþykkt með áorðnum breytingum.

Tillaga rædd og síðan samþykkt.

Þingskjal nr. 10. Samþykkt.

Þingskjal nr. 11. Samþykkt.



Þingskjal nr. 12.

Breytingartillaga Jóns Oddssonar á þingskjali 12. Bætist við þessi setning. *Keppanda í aukaliði er heimilt að keppa til stiga með aðalliði ef þess gerist þörf.*

Eiríkur Mörk leggur til að tillaga Jóns verði vísað til stjórnar og laganevndar FRÍ. Samþykkt

Þingskjal nr. 12. Samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 15. Meirihluti laganevndar þingsins leggur til að tillagan verði felld. Tillagan felld.

Þingskjal nr. 18. Samþykkt.

Þingskjal nr. 21. Meirihluti laganevndar þingsins leggur til að tillagan verði felld. Umræður. Tillagan felld.

Þingskjal nr. 22. Laganevnd leggur til að tillagan verði samþykkt með áorðnum breytingum. Samþykkt.

Þingskjal nr. 23. Laganevnd þingsins leggur til að tillagan verði felld. Tillagan felld.

Þingskjal nr. 24. Samþykkt.

Þingskjal nr. 34. Samþykkt.

Þingskjal nr. 35. Laganevnd leggur til að tillagan verði samþykkt með áorðinni breytingu. Samþykkt.

Þingskjal nr. 36. Laganevnd þingsins leggur til að tillögunni verði vísað til stjórnar FRÍ. Tillaga laganevndar samþykkt.

Þingskjal nr. 38. Laganevnd leggur til að tillagan verði samþykkt með áorðnum breytingum. Samþykkt

Þingskjal nr. 37. Laganevnd leggur til að tillagan verði samþykkt með áorðnum breytingum.

Tillagan rædd.

Margrét Héðinsdóttir leggur til svohljóðandi orðalagsbreytingar

7. gr

„fjögra manna sveitir“

8. gr

„Framkvæmdaraðila er heimilt að veita verðlaun í öðrum flokkum. Einnig er frjálst að bjóða upp á sveitakeppni í þeim flokkum.“

Tillaga Margrétar samþykkt.

Tillaga þannig samþykkt.

*Hádegisverðarhlé*



**XII. Kynning á nýju mótaforriti.** Friðrik Þór Óskarsson kynnti nýtt mótaforrit sem hann hefur unnið að síðustu misseri.

*Afgreiðsla þingmála, framhald.*

Allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 3, Drög að mótaskrá 2015. Eftirfarandi dagsetningar lagðar fram:

- 1. mars, Bikarkeppni 15 ára og yngri
- 2. maí. Skólaþríþraut er inni en spurning hvernig fer með hana.
- 2., 4., og 6. júní. Smáþjóðaleikarnir
- 13.-14. júní? NM unglunga í fjölþrautum
- 18.-19. júlí Akureyrarmótið
- 29.-30. ágúst. NM unglunga 19 ára og yngri
- 9. sept. MÍ 5- og 10km hlaupi á brautum

Margrét lagði til að beðið yrði með að setja dagsetningar á Vormót ÍR, Silfurleika ÍR og Brosleika ÍR. Tillaga Margrétar samþykkt

Tillaga með þessum breytingum að öðru leyti. Samþykkt.

Þingskjal nr. 14.

Sigurður Haraldsson kemur með breytingartillögu þess efnis að 11 og 12 ára aldursflokkar hlaupi 600 metra í stað 800 metra.

Tillaga Sigurðar samþykkt.

Þingskjal nr 14 samþykkt.

Þingskjal nr. 13, 29, 30, 31, og 32. Allsherjarnefnd leggur til að tillögum verði vísað til milliþinganefndar sem stjórn FRÍ verði falið að skipa. Tillaga nefndarinnar rædd.

Tillaga allsherjarnefndar samþykkt.

Þingskjal nr. 4. Samþykkt.

Þingskjal nr.16. Allsherjarnefnd leggur til að tillaga verði samþykkt með áorðnum breytingum. Samþykkt.

Þingskjal nr. 17.1. Allsherjarnefnd leggur til að tillaga verði samþykkt með áorðnum breytingum. Samþykkt.

Þingskjal nr. 17.2. Ný tillaga sett fram til að útvíkka þessar reglur fyrir utanhússtímabilið. Samþykkt.

Þingskjal nr. 19. Samþykkt.

Þingskjal nr. 20 og 20.1. Lagt er til að 4. grein verði breytt.



Tillagan rædd

Umræðu frestað vegna kosninga.

### XIII. Kosningar

Formaður uppstillinganefndar Magnús Jakobsson segir frá tillögum nefndar um framboð nýs formanns FRÍ. Benóný Jónsson og Einar Vilhjálmsson eru í framboði til formanns FRÍ.

Formannsframbjóðendur héldu hvor sína ramboðsræðuna.

76 á kjörskrá, 61 sem kusu. Benóný Jónsson fékk 26 atkvæði en Einar Vilhjálmsson 35 atkvæði og því er Einar Vilhjálmsson nýr formaður FRÍ.

Tillögur uppstillinganefndar til kosningar stjórnar. Jónas Egilsson, Lóa Björk Hallsdóttir, Stefán Skafti Steinólfsson og Magnús Orri Schram. Í framboði er einnig Jón Hólmur Steingrímsson. Magnús Orri dregur framboð sitt í stjórn tilbaka og því kemur ekki til kosninga. Stjórn FRÍ samþykkt.

Tillaga uppstillinganefndar til kosningar varastjórnar. Friða Rún Þórðardóttir, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Ingvar Hlynsson, Lovísa Hreinsdóttir og Björg Ágústsdóttir. Samþykkt.

Skoðunarmenn ársreikninga: Hallgrímur Arnalds og Kristinn Guðlaugsson. Samþykkt.

Fulltrúi á ÍSÍ þing 2015: Þing samþykkir að vísa kjöri á Íþróttatæping til stjórnar FRÍ.

#### Formenn fastanefnda

- Almennings-, götu- og víðavangshlaupanefnd: Sigurður Pétur Sigmundsson. Samþykkt
- Fjárhagsnefnd: Gjaldkeri FRÍ, skv. lögum FRÍ
- Fræðslu- og útbreiðslunefnd: Stefán Halldórsson. Samþykkt
- Íþróttá- og afreksnefnd: Jón Sævar Þórðarson. Samþykkt
- Laganefnd: Ásbjörn Karlsson. Samþykkt
- Mannvirkjanefnd: Sigurður Haraldsson. Samþykkt
- Mótanefnd: Ólafur Guðmundsson. Samþykkt
- Ofurhlauparáð: Gunnlaugur Júlíusson. Samþykkt
- Öldungaráð: Friða Rún Þórðardóttir. Samþykkt
- Orðunefnd: Formaður FRÍ, skv. lögum FRÍ
- Skráningarnefnd: Felix Sigurðsson. Samþykkt
- Tækninefnd: Þorsteinn Þorsteinsson. Samþykkt
- Unglinganefnd. Vísað til stjórnar FRÍ. Samþykkt

*Afgreiðsla þingmála, framhald: Allsherjarnefnd:*

Þingskjal nr 20.1. Ný tillaga sett fram að mótið fari fram á tveimur dögum.

Tillaga rædd.

Fundarhlé gert og nefnd sett saman til að ræða tillögur.

Lagt er til að fyrri tillögur verði dregnar tilbaka. Samþykkt.



Ný tillaga sett fram sem hljóðar svo.

*Keppum samkvæmt núverandi reglugerð með þeirri breytingu að 3000m kk og kvk falli út og að stjórn FRÍ skipi millipinganevnd vegna Bikarkeppni innan- og utanhúss.*

Samþykkt.

Þingskjal nr. 33. Allsherjarnefnd leggur til að tillaga verði samþykkt með breytingum.

Þingskjal 33.1.

Liður 2) breyting: „15-22 ára“ Samþykkt

Liður 3) Tillaga að breytingu:

*Mótshaldari hafi leyfi til að halda forkeppni í 200 m hlaupi á laugardagsmorgni á MÍ 15-22 ára.*

Tillaga fyrir lið 3) samþykkt

Liður 5) Tillaga dregin tilbaka

Þingskjal nr. 33.2.

Liðum 1 og 4) Vísað áfram til millipinganevndar. Samþykkt

Liður 6). Tillögu vísað frá. Samþykkt að vísa frá

Þingskjal nr. 25. Samþykkt

Þingskjal nr. 26. Samþykkt

Þingskjal nr. 27. Allsherjarnefnd leggur til að tillaga verði samþykkt með breytingum. Samþykkt.

Þingskjal nr. 28. Allsherjarnefnd leggur til að tillaga verði samþykkt með breytingum. Samþykkt.

Þingskjal nr. 40. Allsherjarnefnd leggur til að tillaga verði samþykkt með breytingum.

Tillaga að breytingu: Bæta skal við 16. Lið í öllum mótaflokkum þar sem segir:

*Skýli fyrir keppendur í öllum greinum.*

Samþykkt.

Þingskjal nr. 40 samþykkt með áorðnum breytingum.



#### XIV. Önnur mál

Gunnlaugur Júlíusson gerði grein fyrir svohljóðandi yfirlýsingu:

*Frjálsíþróttatæping haldið á Akureyri dagana 6. og 7. september 2014 lýsir ánægju sinni yfir þeim störfum sem fráfarandi formaður sambandsins hefur unnið í alþjóðastarfi innan frjálsíþróttahreyfingarinnar með setu sinni í stjórn Frjálsíþróttasambands Evrópu og formennsku í Frjálsíþróttasambandi Evrópskra smáþjóða hefur hann náð að gera rödd Íslands gildandi í alþjóðlegu frjálsíþróttasamstarfi. Þingið lýsir því yfir stuðningi sínum við áframhaldandi störf hans á þessum málum.*

Tillaga undirrituð af Gunnlaugi Júlíussyni og Magnúsi Orra Schram.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Magnús Jakobsson kom með tillögu til þingsályktunar:

*59. Frjálsíþróttatæping haldið á Akureyri 6. og 7. sept. 2014, samþykkir að fela stjórn FRÍ að vinna að keppni í 2. deild Bikarkeppni FRÍ á næsta ári með færri greinum en í 1. deild.*

Leitað verði samráðs við sambönd og félög innan hreyfingarinnar um staðsetningu, fjölda keppenda og annað er lýtur að framkvæmd keppinnar.“

Tillagan samþykkt samhljóða.

Aðalbjörg Hafsteinsdóttir tók til máls og lofaði gott þing.

Fráfarandi formaður FRÍ Jónas Egilsson tekur til máls. Afhenti Aðalbjörgu Hafsteinsdóttur og Bjarnveigu Ingvadóttur blómvönd fyrir vel unnin störf á þinginu.

Einar Vilhjálmsson nýkjörinn formaður FRÍ tekur til máls og þakkaði stuðning við kjör sitt.

Að því loknu sleit þingforseti þinginu.

Þinggerð rituðu

Kolbrún Sveinsdóttir og Þórey Edda Elísdóttir

Frágangur

Jónas Egilsson.